



GRA2B05 / Mörkun

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Ragnhildur Ragnarsdóttir

Netfang/netföng:

ragnhildur.ragnarsdottir@borgo.is

LÝSING:

Í áfanganum læra nemendur hvað felst í skilgreiningu mörkunar (e. branding) og fá þjálfun í aðferðum við að marka fyrirtæki, stofnanir, þjónustu og vöru. Nemendur munu vinna að mörkun fyrirtækis, vöru eða þjónustu sem endurspeglar starfsemina með því að gera bakgrunnsrannsókn á eðli hennar, ímynd og markaðsstöðu. Í kjölfarið verður markaðsefni hannað með stuðningi hugarkorts og moodboards.

Nemendur fá þjálfun í að rannsaka og leita sér upplýsinga svo þeir öðlist skilning á hversu mikilvægt er að skoða hvað býr að baki hverju verkefni. Nemendur skoða mismunandi leiðir til hugmyndavinnu og hvernig efla megi sköpunarkjarkinn.

Áhersla verður lögð á að skrásetja ferlið með skissum og orðum. Virk hlustun verður æfð og skoðaðar verða leiðir til að gefa nýjum hugmyndum rými. Gleðin verður leiðarljós áfangans og skoðaðar verða leiðir til vellíðunar.

ÞEKING, LEIKNI, HÆFNI**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvað felst í skilgreiningu á marki og mörkun (e. brand & branding)
- tilgangi og mikilvægi mörkunar
- mikilvægi rannsóknarvinnu við mótun mörkunar
- hlutverki hugmynda- og skissuvinnu við mótun mörkunar

LEIKNIVIÐMIÐ

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla bakgrunnsupplýsinga til að móta mörkun
- greina einkenni og kjarna mörkunar
- vinna úr rannsóknargögnum með aðferðum mörkunar

HÆFNIVIÐMIÐ

Nemandi skal geta nýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hanna/skapa ásýnd fyrirtækis, þjónustu eða vöru með aðferðum mörkunar
- koma hugmyndum og skilaboðum á framfæri af innsæi, tilfinningu og þekkingu á mörkun og grafískri hönnun
- ræða og meta verk sín og annara með aðferðum gagnrýnnar hugsunar



NÁMSMAT: 100%

Verkefni 1 / 5%. Hvað er mörkun og hvað ekki. Glærुकyning (Einstaklingsverkefni)

Verkefni 2 / 35%. Mörkun fyrirtækis, stofnunar, þjónustu eða vöru (Einstaklingsverkefni)

Verkefni 3 / 25%. Merkingar / Borgarholtsskóli (Hópavinna)

Verkefni 4 / 35%. Endurmörkun fyrirtækis, stofnunar, þjónustu eða vöru (Hópavinna)

VIÐ NÁMSMAT ER HAFT TIL HLIÐSJÓNAR:

Verkferli: hugmynda- og skissuvinna, tilraunir við útfærslu, skilgreining og vinnuáætlun, kynningar og samvinna, framfarir, sýnileika og verkið sjálft. **70%**

Vinnusemi og ástundun í tímum. 30%

NÁMSGÖGN:

Skissubók, teikniáhöld og Adobe forrit

AÐRAR MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR:

Skólasókn: Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 90% skólasókn í áfanganum.

Seinkomur og fjarvistir: Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

Verkefnaskil: Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma til að fá þau metin til einkunnar.

VIKA	DAGS.	NÁMSÞÆTTIR	NÁMSMATS-ÞÆTTIR
1	5.-6. jan	Kynning	
2	9.-13. jan	V1. Hvað er mörkun og hvað ekki. Innlögn	5%
3	16.-20. jan	V1. Hvað er mörkun og hvað ekki V2. Mörkun á fyrirtæki / þjónustu / vöru. Innlögn	V1. Verkefnaskil 35%
4	23.-27. jan	V2. Mörkun á fyrirtæki / þjónustu / vöru.	
5	30. jan- 3. feb	V2. Mörkun á fyrirtæki / þjónustu / vöru	
6	6.-10. feb	V2. Mörkun á fyrirtæki / þjónustu / vöru	Skóhlífadagar
7	13.-17. feb	V2. Mörkun á fyrirtæki / þjónustu / vöru	Vörðuvika I
8	20.-23. feb	V2. Mörkun á fyrirtæki / þjónustu / vöru. Kynningar	V2. Verkefnaskil og Kynningar. Vorannahlé
9	28. feb-3. mars	V3. Merkingar / Borgarholtsskóli. Innlögn	25%
10	6.-10. mar	V3. Merkingar / Borgarholtsskóli	
11	13.-17. mar	V3. Merkingar / Borgarholtsskóli	
12	20.-24. mar	V3. Merkingar / Borgarholtsskóli. Kynningar fyrir stjórnendur	V3. Verkefnaskil og kynningar
13	27.-31. mar	V4. Endurmörkun. Innlögn	35% Valdagur
14	3.-11. apr	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apr	V4. Endurmörkun	
16	17.-21. apr	V4. Endurmörkun	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apr	V4. Endurmörkun	Vörðuvika II
18	1.-5. maí	V4. Endurmörkun	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	V4. Endurmörkun. Verkefnaskil og kynningar	V4. Verkefnaskil og kynning
20	15.-16. maí	V4. Uppbrot	Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.